



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Lengi skal manninn reyna

Ritstýring reynslusagna

Ritgerð til M.A.-prófs

Katrín Björk Baldvinsdóttir

Maí 2009

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Hagnýt ritstjórn og útgáfa

Lengi skal manninn reyna

Ritstýring reynslusagna

Ritgerð til M.A.-prófs

Katrín Björk Baldvinsdóttir

Kt.: 041075-3769

Leiðbeinandi: Gunnþórunn Guðmundsdóttir

Maí 2009

Talið er að ófrjósemi hrjái um það bil 15-20 prósent allra para á barneignaraldri. Efni um ófrjósemi á íslensku er af mjög skorum skammti. Því hefur stefna stjórnar Tilveru, samtaka um ófrjósemi, verið að gefa út bók um ófrjósemi. Meginuppistaða bókarinnar verður þýðing og staðfæring á hluta af bandarísku bókinni *Experiencing Infertility*. Einnig mun bókin innihalda reynslusögur íslenskra einstaklinga á glímum við ófrjósemi. Tilgangur reynslusagnanna er fræðsla, að sýna fram á fjölbreytni ófrjóseminnar í íslensku samhengi. Hér verður fjallað um ferli ritstýringar reynslusagnanna.

Verk ritstjórans í þessu tilviki hefst á því að afla sagnanna sem á að gefa út. Gæta þess að sögurnar verði sem fjölbreyttastar hvað varðar þau vandamál sem til eru og tengjast ófrjósemi og ófrjósemismæðferðum. Þetta er gert bæði með því að auglýsa eftir reynslusögum ásamt því að hafa samband við einstaklinga sem vitað er að búi yfir góðri reynslusögu um einhvern þátt sem ekki hefur borist sem svar við auglýsingunni. Einnig þarf að ganga úr skugga að allar upplýsingar sem fram koma í sögunum séu réttar, að læknisfræðilegum heitum sé ekki ruglað saman, heiti lyfja séu rétt stafsett og að allar upplýsingar sem fram koma séu skýrar. Dæmi eru gefin úr sögunum til að sýna í hverju ritstjórnin felst. Haft var að leiðarljósi að eiga sem minnst við sögurnar, svo sérkenni hverrar héldist.

Rædd eru þau vandamál sem komu upp á meðan ritstýringunni stóð, þar þurfti til dæmis að svara spurningunni um hve langt ætti að ganga í ritstýringunni, hvenær ritstýring breytist í ritskoðun.

Að lokum er skýrsla frá starfsnámi mínu í Forlaginu. Þar er sagt frá þeim verkefnum sem mér voru fengin.

Efnisyfirlit

I.	Inngangur	bls. 4
II.	Öflun sagnanna	bls. 7
III.	Ritstýring	bls.12
IV.	Lokaorð	bls. 22
V.	Starfsnám hjá Forlaginu	bls. 23
	Heimildaskrá	bls. 28

I. Inngangur

Satt er það sem mælt er, lengi skal manninn reyna.

(Úr Grettissögu)

Talið er að ófrjósemi hrjái um það bil 15-20 prósent allra para á barneignaraldri og virðist þessi prósentutala frekar vera að hækka heldur en hitt. Talið er að þar eigi við ófrjósemi að stríða hafi það stundað óvarið, reglulegt kynlíf í eitt ár án þungunar. Það getur verið erfitt að sætta sig við það að þurfa utanaðkomandi aðstoð við eins persónuleg athöfn og að búa til barn saman. Sérstaklega þar sem aðstoðin getur þýtt daglega innsprautun hormóna, með fjölmörgum kjallaraskoðunum og eggheimtu í kjölfarið, sem getur verið ansi sársaukafull.

Efni um ófrjósemi á íslensku er af mjög skornum skammti. Ekki er til nein bók sem fjallar um þetta efni á okkar ástkæra ylhýra. Því hefur fólk þurft að leita sér að efni á öðrum tungumálum þegar það vill fræðast. Það er þó ekki kostur fyrir alla, því ekki eru allir færir um að lesa annað tungumál, auk þess sem slíkt efni tekur ekki á íslensku samhengi og úrræðum sem bjóðast hér á landi. Ófrjósemi er erfitt vandamál sem tekur mikið á sálina og þörf á íslensku efni er mikil. Því hefur stefna stjórnar Tilveru, samtaka um ófrjósemi, í þó nokkur ár verið að gefa út íslenska bók um ófrjósemi. Meginuppistaða bókarinnar mun verða þýðing og staðfæring á hluta af bandarísku bókinni *Experiencing Infertility* eftir Debby Peoples og Harriette Rovner Ferguson.² En sú bók fjallar um sálfræðilega togstreitu ófrjóseminnar og ráðum við þeim vanda. Þó eru kaflar í henni sem ekki eiga við íslenskar aðstæður og aðrir þar sem ekki dugar að staðfæra heldur verður að semja allan textann upp á nýtt. Því verða einungis hlutar bókarinnar þýddir. Þegar stjórnin fór að ræða hvar skyldi sækja efnivið í bókina var strax ákveðið að þar yrðu að vera reynslusögur íslenskra einstaklinga um sína glímu við ófrjósemi. Allir stjórnarmenn þekktu til þess hve sögur annarra geta verið hjálplegar bæði þeim sem standa sjálfir í baráttunni, sem og aðstandendum þeirra. Það tekur mikið á sálarlífið að glíma við ófrjósemi og ekki bætir úr skák að í hugum margra er þessi barátta mikið einkamál sem og það að skilningur þeirra sem ekki eru í þessum sporum getur verið mjög takmarkaður.

² Debby Peoples, M.S.W. og Harriette Rovner Ferguson, C.S.W. 1998.

Hver manneskja reynir ýmislegt á lífsins vegi. Víst er misjafnt hvað lagt er á fólk, en eitt er víst að hversdagshetjurnar eru margar og sögur þeirra áhugaverðar þó þær skráist ekki á spjöld Íslandssögunnar. Engu að síður eru til ýmsar heimildir um þessar hversdagshetjur, til dæmis dagbækur og sendibréf. Þetta form heimilda hefur þó breyst með komu tölvualdarinnar og nú er einna helst að finna slíkar heimildir á heimasíðum og bloggi. Þar fylgir þó sá böggull skammrifi að hætta er á að upplýsingarnar glatist með tímanum í völuarhúsi internetsins. Blöð og tímarit leggja líka til þessara heimilda, þar sem lífsreynslusögur, sennilega oftast í formi viðtala, sjást á þeirra síðum.

Persónulegar heimildir eru frásagnir fólks af atburðum í lífi sínu, þetta geta verið frásagnir frá hversdagslífinu sem og stærri atburðir í lífinu. Þó áhugaverðar séu hafa þær ekki alltaf átt upp á pallborð fræðimanna. Sigrún Sigurðardóttir segir þetta um ástæður þess:

Persónulegar heimildir lýsa ekki veruleikanum á hlutlægan hátt eins og fjöldi annarra heimilda gefur sig út fyrir að gera og á ég þá einkum við opinberar heimildir af ýmsu tagi. Persónulegar heimildir fara ekki í felur með þá staðreynd að þær miðla ákveðnu sjónarhorni á veruleikann. Þær fara með öðrum orðum ekki í felur með að þær eru afstæðar og sá sannleikur sem þær hafa fram að færa er því einnig afstæður og ætíð háður því samhengi sem hann verður til í annars vegar og því samhengi sem hann verður skoðaður í hins vegar.³

Oft á tíðum er þessi hlutdræga frásögn einmitt það sem verið er að sækjast eftir. Þar er reynt að draga fram sjónarhorn þess sem segir frá og upplifun hans og tilfinningum á þann hátt að lesandinn geti auðveldlega sett sig í spor hans og á þá kannski auðveldara með að skilja tilfinningar hans. Tilgangur lífsreynslusagnanna er einmitt þessi. Þær geta þó verið mjög mismunandi. Sigurður Gylfi Magnússon fjallar um sjálfsævisöguleg verk og segir þau sem flokkist sem lífsreynslusögur „...hverfast ýmist um einn tiltekinn atburð sem hafði afgerandi áhrif á líf sögupersónunnar eða röð atburða sem settu mark sitt á lífið allt. Þessar bækur eru oft mjög forvitnilegar og spennandi...“⁴ Á öðrum stað segir hann: „Að auki er í þessum flokki bækur sem greina

³ „Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar: á vit persónulegar heimilda.“ 2001.

⁴ Sigurður Gylfi Magnússon. 2005. Bls. 169.

frá öllu lífshlaupinu sem samfelldri lífsreynslu...“⁵ Örstutt frásögn frá einum atburði í lífi persónu getur einnig verið reynslusaga. Þær geta því spannað frá nokkrum setningum í margra binda verk.

Reynslusögur er líka hægt að flokka undir munnlegar heimildir, að minnsta kosti samkvæmt skilgreiningu finnsku fræðikonunnar Ulla-Maija Peltonen, eins og fram kemur í viðtali við hana í *Sögu*, tímariti Sögufélags:

Það er rétt að ég taki það strax fram að hér í Finnlandi teljum við ritaðar persónulegar frásagnir til munnlegra heimilda. Því höfum við sem myndum Finnsku samtökin um munnlegar heimildir kosið að nota orðið *muistitieto* yfir munnlegar heimildir. Þetta er fornt orð sem bókstaflega útleiggst *þekking sem geymd er í minni*. Við viljum með þessu leggja áherslu á að munnleg saga byggist á persónulegum fróðleik og felur í sér staðreyndir um upplifun fólks og túlkun þess á þeirri upplifun. Ég vil bæta því við að ég tel einnig afar mikilvægt að hafa í huga að munnlegar heimildir búa í minni einstaklingsins og ef enginn hefur fyrir því að nálgast þær er óvíst að þær komi nokkurn tíman að gagni.⁶

Reynslusögur af baráttu við ófrjósemi falla algjörlega undir þessa skilgreiningu Peltonen á munnlegum heimildum og með öflun þeirra er stjórn Tilveru einmitt að reyna að nálgast þessar heimildir sem búa í minni allra þeirra sem reynt hafa og nýta þær fyrir aðra sem eru í sömu sporum. Við erum að draga fram þessa þekkingu sem geymd er í minni einstaklinga sem hafa háð baráttu við ófrjósemi.

Sem stjórnarmaður Tilveru til nokkurra ára og með viðeigandi menntun að baki tók ég að mér að sjá um að gera þennan draum um bók um ófrjósemi á íslensku að veruleika. Það er því á minni könnu að safna og ritstýra reynslusögunum og þá hefur verið ákveðið að ég muni einnig taka að mér þýðingu bandarísku bókarinnar.

En hvaða þætti þarf að hafa í huga við ritstýringu á safni reynslusagna, bæði almennt séð og einnig sérstaklega í sambandi við þetta safn. Og hvernig fer öll sú vinna fram? Hver verða helstu vandamálin sem þarf að eiga við og hver er tilgangur sagnanna? Hér á eftir verður farið yfir vinnuferlið.

⁵ Sigurður Gylfi Magnússon. 2006. Bls. 171.

⁶Unnur María Bergsveinsdóttir. 2008. Bls. 7-16.

II. Öflun sagnanna

Í grein sinni „What Is an Editor?“ líkir Alan D. Williams ritstjóranum við veiðisafnara og segir þetta hlutverk skipta ritstjóranum miklu máli til fyrir orðspor hans.⁷ Verk ritstjórans í þessu tilviki hefst á því að afla sagnanna sem á að gefa út og því passar líking Williams vel við. Hér þarf að hafa alla anga úti, finna út hvar best er að auglýsa eftir sögum og finna fólk sem býr yfir þeirri reynslu sem er eftirsóknarverð fyrir slíkar sögur. Í *Fortíðardraumum* ræðir Sigurður Gylfi Magnússon um muninn á tvenns konar sjálfsbókmenntum, annars vegar þessum sem eru sprotnar af innri hvöt þess sem segir frá og höfundur sagnanna einn ábyrgur fyrir efninu.⁸

Hins vegar eru sjálfsbókmenntir sem ég hef kosið að nefna *upprifjunarbókmennir* en þær eru í vissum skilningi kallaðar (eða þvingaðar) fram af hálfu annarra. Hér er átt við viðtöl og samtalsbækur, fræðilegar spurningar og endurminningarrit; þær heimildir sem verða til að frumkvæði annarra en aðalpersónunnar. Mikilvægt er að hafa í huga að umbeðnar upprifjanir verða til af mörgum ólíkum ástæðum en verkin í fyrri flokknum verða oftast til af innri þörf þess sem í hlut á.⁹

Sigurður Gylfi bendir síðan á að það sé einkum tæknin sem aðalpersónan beiti til að draga fram minningarnar sem greinir á milli þessara tveggja aðferða. Þar sem kostur sjálfsbókmennta almennt sé að fólk dragi fram minningar sem tengjast lífsferlinum, sé það ferli rofið, eins og hættir til í viðtölum, þá er hætt við að minningaframleiðslan verði brotakennd og samhengi vanti. Því skipti miklu máli að tengja upprifjunina lífsferli fólks.¹⁰ Í þessu tilviki var talið best að reyna að fá sögurnar skrifaðar af þeim sem segja frá. Þannig er minni hætta á að minningaframleiðslan, eins og Sigurður Gylfi kallar þetta, truflist og samhengið haldist, þó svo að þarna séu aðrir en höfundarnir sem kalli fram þessar minningar. Síðan kemur svo ritstýringin til, þar sem þjálfun og hæfni manna til skrifta er mismikil auk þess að huga verður að samhæfingu. Sögurnar yrðu því skrifaðar fyrst og fremst í þeim tilgangi að þær birtust

⁷ Williams, Alan D. 1993. Bls. 4.

⁸ Sigurður Gylfi Magnússon. 2004. Bls. 185.

⁹ Sigurður Gylfi Magnússon. 2004. Bls. 185.

¹⁰ Sigurður Gylfi Magnússon. 2004. Bls. 185.

í bók um ófrjósemi. Þær eru skrifaðar í ákveðnum tilgangi, með ákveðna lesendur í huga og til opinberrar birtingar.

Það getur verið flókið að ná í þá sem hafa reynslu af þessu, mikið til vegna þess að þetta er enn falið vandamál hjá mörgum. Auglýst var eftir reynslusögum á spjallrásum á netinu sem við vissum að fólk sem glímir við þessi vandamál nýtti sér. Við reyndum að hvetja sem flesta til að senda okkur sögur og skipti engu mál hvar fólk var stött í sinni baráttu við ófrjósemi, svo við fengjum sem breiðastan hóp frjósemisvandamála. Tekið var fram að fólk þyrfti ekki að koma fram undir nafni. Endanleg niðurstaða hjá okkur varð svo að best og einfaldast væri að birta engar sögur undir nafni.

Með þessari umleitan okkar vorum við að biðja fólk um að treysta okkur til að fara vel með trúnaðarupplýsingar. Þeir sem sendu inn sögur og vildu hafa þær nafnlausar treystu því að svo yrði gert og að farið yrði með þeirra upplýsingar á réttan hátt. Því var almennum siðareglum fylgt og þessi regla höfð í huga: „Hver manneskja hefur rétt til friðhelgi og að þær persónulegu upplýsingar sem hún hefur trúað öðrum fyrir fari ekki lengra án hennar samþykkis.“¹² Þó svo að sögurnar séu skrifaðar til opinberrar birtingar, þarf að umgangast þær upplýsingar sem fylgja sem trúnaðarmál og gera ekkert við sögurnar annað en það sem þær eru upphaflega hugsaðar til, nema með leyfi höfundanna. Sem dæmi um það bað ég um sérstakt leyfi höfundanna að fá að vitna til sagna þeirra í þessari ritgerð, þar sem sögurnar voru ekki sendar í þeim tilgangi að verða hluti af lokaritgerð. Því var tekið vel og einmitt þó nokkrir sem áréttuðu nafnleysi. Það er spurning hvort viðbrögðin hefðu verið svo jákvæð ef þær hefðu verið nýttar án vitundar höfundanna og þeir uppgötvað umfjöllun um texta eftir sig af tilviljun.

Einnig var alveg ljóst frá upphafi að hver og einn fengi sínar sögur til yfirlestrar og samþykktar eftir ritstýringu og áður en til útgáfu kæmi. Rebecca Jones útskýrir mjög vel hversu miklu máli skiptir að hver og einn fái að lesa yfir sína sögu:

Að leggja ritstýrt handrit fyrir sögumanninn til endurskoðunar sýnir fram á sameiginlegt yfirráð yfir hinu opinbera skjali. Það sýnir að þeir

¹² Sigurður Kristinnsson. 2003. Bls. 171.

hafa einhverja stjórn og eignarrétt yfir, ekki aðeins upprunalegu sögunni, heldur einnig skrifuðu túlkuninni.¹³

Þarna er haft í huga að hver saga er höfundarverk þess sem segir frá og hana skrifar og þó svo að sagan sé skrifuð að beiðni annarra sem sjái svo um ritstýringu verksins, þá hefur hver sögumaður endanlegt vald um hvernig lokaútgáfa sögunnar er. Þrátt fyrir að einhver ókunnug manneskja fái að eiga við textann þá halda höfundarnir vissri stjórn yfir höfundarverkum sínum. Að sjálfsögðu getur komið upp sú staða að höfundur og ritstjóri séu ekki sammála um lokaútkomuna. Gerist það verður vonandi hægt að finna lausn á vandamálinu, sem allir sætta sig við. Finnist ekki lausn, þarf að meta það hvort sögunni yrði þá hreinlega sleppt.

Ófrjósemisvandamál geta verið ýmiskonar og til að vera viss um að sem fjölbreyttastar sögur komi í bókina var gerður eftirfarandi listi yfir vandamál og leiðir sem við vildum að kæmu fram í sögunum:

- Óútskýrð ófrjósemi.
- Vandamál mannsins megin, sáðfrumur þó til staðar.
- Vandamál mannsins megin, þörf á gjafasæði.
- Vandamál konunnar megin, legslímuflakk.
- Vandamál konunnar megin, fjölblöðrur.
- Vandamál konunnar megin, þörf á gjafaegg, bæði þekktur og óþekktur gjafi.
- Vandamál konunnar megin, lokaðir eggjaleiðarar.
- Reynslusaga sem endar með ættleiðingu.
- Reynslusaga þar sem fólk ákvað að lifa barnlausu lífi.
- Reynslusaga þar sem tæknisæðing dugði.
- Glasafhrjóvgun.
- Smásjárfrjóvgun.
- Ófrjósemi þegar fólk reynir að eignast sitt annað barn eða annars stigs ófrjósemi.
- Vandamál hjá báðum.
- Fleira en eitt vandamál.

¹³ Rebecca Jones. 2004. „Presenting the edited manuscript to the narrator for review also demonstrates the shared authority of the public document. It demonstrates that they have some control and ownership over, not only the original story, but also the textual rendition.“ *Mín þýðing*.

- Endurtekin fósturlát.
- Vandamál með seinni maka.

Þessi listi er einnig hjálplegur til þess að fullvissa sig um að ekkert vandamál gleymist eða sé ekki tekið fyrir, svo að lesendur sagnanna fái sem skýrasta mynd af fjölbreytileika vandamálsins. Og ef ekki kæmu inn sögur sem ná yfir öll þessi efni, væri hægt að fara á stúfana og leita þeirra. Ein saga getur þó tekið á einu eða fleirum atriðum á listanum.

Alls bárust okkur 11 sögur þegar við auglýstum eftir þeim. Þær sögur sem bárust tóku á þessum vandamálum:

1. Annars stigs ófrjósemi, vandamál hjá báðum. Glasafrjóvganir. Ekki enn já.
2. Vandamál hennar megin, fjölblöðrur, tæknisæðingar, já úr fyrstu glasa.
3. Vandamál hennar megin, fjölblöðrur, tæknisæðingar, glasa og frystir, alls átta meðferðir, aldrei já, fóru út í ættleiðingu og hætt tæknimeðferðum. Verður ólétt heima.
4. Annars stigs ófrjósemi, legslímuflakk (sem var til staðar fyrir fyrsta barn). Glasafrjóvganir, tvö já, en fósturlát. Verið að reyna heima en líklega fleiri tæknifrjóvganir.
5. Vandamál hennar megin, fjölblöðrur. Þrjár hormónameðferðir sem ekki gengu. Tók hreyfingu og mataræði í gegn. Verður ólétt heima
6. Vandamál hans megin. Smásjárfrjóvganir og frystir fósturvísar. Ekki já. Búin að vera í hléi í rúmt ár. Mikið talað um tilfinningahliðina og afbrýðisemi vegna óléttu annarra.
7. Vandamál hennar megin, legslímuflakk, tæknisæðingar, já í fjórðu glasa, missti, já í sjöttu glasa. Fékk kraftaverkabarn. Er að reyna að eignast annað barn og eru að bíða eftir svari úr sjöundu meðferð.
8. Óútskýrð ófrjósemi. Þó ekki tekið mikið á því. Tekur skemmtilega á góðu ráðunum. Tæknisæðingar og ein glasa. Verður ólétt heima í árs hléi frá meðferðum.
9. Vandamál hjá báðum, lokaður eggjaleiðari og slakar sáðfrumur. Eitt barn með tæknisæðingu, verður ólétt heima af næsta barni. Nýr maður sem hafði farið í

ófrjósemisaðgerð. Smásjárfrjóvgun, já eftir þriðju uppsetningu en tómur fóstursekkur. Síðasta meðferðin og úr verður tvíburapungun.

10. Fósturlát og lélegir eggjaleiðarar.

11. Snemmbært breytingaskeið, slímhúð legsins þykknaði ekki. Náðu að fara í glasafrjóvgun eftir að legið var sært, sem kom því til að mynda þykkari slímhúð. Barn á leiðinni.

Því var ekki lofað fyrirfram að sögunar myndu örugglega birtast í bókinni, þar sem vonast var eftir því að fá það margar sögur að hægt væri að velja úr. Einkum væri líklegt að það þyrfti að velja úr ef margar sögur fjölluðu um svipað efni. Vissulega hefði verið betra að fá fleiri en 11 sögur, en samt var ánægja með að þó þetta margar sögur bárust. Þó svo að nokkrar þeirra fáist við svipað vandamál, þá eru þær það ólíkar að líklegast munum við nota þær allar.

Næsta verkefni er að finna fleiri sögur, sérstaklega þær sem fjalla um eftirfarandi efni:

- Tekur betur á óútskýrðri ófrjósemi.
- Um kynfrumugjöf og þá bæði gjafasæði og -egg. Í tilfalli gjafaeggja þá væri gott að fá bæði sögu þar sem gjafinn er þekktur og þar sem hann er óþekktur, þar sem báðar leiðir eru farnar og misjafnt hvað fólk kys heldur. Í tilfalli gjafasæðis þá væri gott að fá sögur þar sem tæknisæðing dugði og þar sem þurfti að fara í glasa- eða smásjárfrjóvgun.
- Um þá sem enda með að ættleiða og þá bæði héraðs og erlendis frá.
- Um fólk sem ákveður að lifa barnlausu lífi.
- Um endurtekin fósturlát.
- Þar sem tæknisæðing dugði.

Við yfirlestur á sögunum kom í ljós að það vantaði sárlega sögu frá sjónarhóli karlmanns, þar sem allar sögunar sem komnar eru, eru skrifaðar af konum. Það gæti líka verið spennandi að fá fleiri sögur um fjölburapunganir. Hér geri ég ráð fyrir að þurfa að leita beint til fólks sem ég veit að á við eða hafi glímt við þessi vandamál. Ef fólk treystir sér ekki til að skrifa sögu sína sjálf er alveg mögulegt að taka viðtal og skrifa sögunar fyrir það. Þetta er misflókið, til dæmis er erfitt að finna einhverja sem kusu barnlaust líf. Sennilega vegna þess að það eru sárafáir sem velja þennan kost. Til

að komast í samband við einhvern sem ættleiðdu erlendis frá liggur beinast við að leita til Íslenskrar ættleiðingar.

Búið er að útvega sögu þar sem tæknisæðing dugði og vilyrði komin fyrir sögu um endurtekin fósturlát og innlenda ættleiðingu. Beðið er eftir svörum í sambandi við sögu frá sjónarhóli karlmanns, þar sem tæknisæðing með gjafasæði dugði, egggjöf frá þekktum gjafa og egggjöf frá óþekktum gjafa.

III. Ritstýring

Ritstýring innsendu sagnanna felst í ólíkum þáttum, allt frá ýmsum samræmingarþáttum til þess að athuga staðreyndir eins og hvaða verkun ákveðin lyf hafa. Það eru nokkur skref frá hugmynd til útgáfu. Fyrsta skrefið var að átta sig á því hvernig sögur við vildum fá og næsta skref var að auglýsa eftir sögunum. Þar næst þurfti að lesa yfir þær sögur sem berast, til að sjá hvort hægt væri að nota þær allar og hvort það vanti fleiri. Fjórða skrefið er að afla þeirra sagna sem á vantar. Þessum skrefum var lýst í kaflanum hér á undan. Því næst þarf að ritstýra sögunum og senda nýju útgáfuna til höfunda til samþykktar og sjá hvort þeir hafi einhverjar athugasemdir. Ritstjóri hefur umsjón með hverju þessara skrefa og er sá sem setur þetta allt saman í samhengi. Hann þarf að hafa ákveðna yfirsýn yfir það hvernig hann vill sjá lokaafurðina. Rebecca Jones segir: „Þegar munnlegri sögu er ritstýrt þurfum við, sem höfundar, að finna jafnvægi milli ábyrgða gagnvart sögumanninum, hlustendum og innihaldi sagnanna.“¹⁴ Ritstjóri þarf sem sagt að taka tillit til þess sem segir sögunnar, til lesandans og til sagnanna sjálfra og finna rétt jafnvægi milli þessara þátta, sem hentar umfram allt tilgangi sagnanna. Í þessu tilfelli er tilgangurinn fyrst og fremst fræðsla sem einna helst fæst með fjölbreyttum sögum. Ætlunin er að fræða þá sem standa í sporum ófrjósemi, ásamt því að auka skilning þeirra sem ekki standa í þessum sporum.

Þar sem tilgangurinn er fræðsla var mikla áherslu lögð á það að allar upplýsingar væru réttar. Fólki hættir til dæmis til að rugla saman ýmsum læknisfræðilegum heitum sem tengjast ófrjósemi og þeim leiðum sem hægt er að fara til að reyna að leysa vandamálið. Til dæmis er mjög algengt að fólk tali um tæknifrjóvgun, þegar það á við tæknisæðingu. En tæknifrjóvgun er yfirheiti,

¹⁴ Rebecca Jones. 2004. „In editing oral history, we, as authors, have to balance responsibilities to the narrator, to the audience, and to the content of the stories.“ *Mín þýðing*.

tæknisæðing, glasafrjóvgun og smásjárfrjóvgun eru allt tæknifrjóvganir. Tæknisæðing felur í sér að við egglos er sæðinu sprautað upp í leg konunnar, svo frjóvgun eggisins fer fram innan líkamans. Oftast hefur konan líka verið örvuð aðeins aukalega svo líklegt er að fleiri en eitt eggþú hafi myndast. Munurinn á tæknisæðingu og því að búa barn til heima er aðallega sú að aðstæðum er stýrt og sáðfrumunum er sprautað lengra inn í líkama konunnar svo þær þurfa styttra ferðalag til eggisins. Glasafrjóvgun er mun meira inngríp. Þar er byrjað á því að slökkva algjörlega á náttúrulegu hormónakerfi konunnar, síðan er tíðahringnum stýrt með hormónum og það miklum að mun fleiri eggþú ná fullum þroska en í venjulegum tíðahring. Eggheimtan fer fram rétt um egglos, þar sem stungið er á eggjastokkana í gegn um leggöng og egginn sótt í eggþúin. Sú aðgerð er gerð með staðdeyfinu. Egginn eru svo frjóvguð utan líkamans með því að setja sáðfrumur hjá þeim í tilraunaglös. Fósturvísar eru svo settir upp í leghol tveimur til þremur dögum síðar. Smásjárfrjóvgun er alveg eins og glasafrjóvgun nema að því leyti að einni sáðfrumu er sprautað inn í eggid undir smásjá.

Með fræðslutilganginn að leiðarljósi þurfti að athuga stafsetningu heita hinna ýmsu lyfja sem talað er um í sögunum og jafnvel að huga að hvernig þau virka, til að vera viss um að þær upplýsingar sem fram koma í sögunum séu örugglega réttar. Þær upplýsingar fann ég í lyfjaskrá Lyfjastofnunar á vefnum. Hér vildi ég til dæmis kanna betur hvað lyfið Pergotime geri, þar sem mér fannst að „að auka á egglos“ eins og sagði í einni sögunni, hljómi einkennilega. Fyrsta gerð sögunnar var á þessa leið:

En þegar mánuðirnir urðu að ári fór ég til kvennsjúkdómalæknis. Sá læknir gefur mér primulot til að starta blæðingum því eftir fósturmissinn fór tíðahringurinn minn í algjört rugl og að auki lét hann mig taka pergotime lyf til að auka á egglos. Sendir mig í blóðprufur til að fylgja því eftir. Egglos varð en ekki “kröftugt”.

Eftir að hafa kannað virkni lyfsins voru breytingarnar þessar:

En þegar mánuðirnir urðu að ári fór ég til kvensjúkdómalæknis. Sá læknir gefur mér Primolut til að starta blæðingum því eftir fósturmissinn fór tíðahringurinn minn í algjört rugl og að auki lét hann mig taka Pergotime frjósemislyf til að örva eggjaframleiðslu og tryggja egglos.

Hann sendir mig einnig í blóðprufur til að fylgja því eftir. Egglos varð en ekki „kröftugt“

Einnig þarf að hafa í huga hvernig eigi að skrifa heiti sjúkdóma, sérstaklega þegar þeir eru skammstafaðir. Til dæmis þarf að samræma að skammstöfunin á Polycystic Ovary Syndrome (fjölblöðrueggjastokkaheilkenni), PCOS sé skrifuð með hástöfum.

Huga þurfti að samræmingu á rithætti á nafni ART Medica, þar sem nafnið var ýmist skrifað Art medica, Art Medica eða ART Medica. Til að finna út hvernig ætti að skrifa það fór ég á heimasíðu fyrirtækisins. Þar voru nú ansi misvísandi upplýsingar þar sem nafnið var ýmist skrifað Art Medica eða ART Medica. En þar sem oftast er skrifað ART Medica og með hliðsjón af því að ART er skammstöfun fyrir Assisted Reproductive Technology, ákvað ég að nota þann rithátt.

Einnig samræmdi ég notkun talna. Það er; tölurnar frá einum upp í níu eru allar skrifaðar með bókstöfum, en hærri tölur eru með tölustöfum. Undantekning á þessu eru dagsetningar sem allar eru með tölustöfum, í samræmi við hefðbundnar ritreglur. Þetta er mikilvægt sérstaklega þar sem það var oft á tíðum ósamræmi hjá hverjum og einum hvernig tölur voru skrifaðar. Mjög oft þurfti að bæta punkti við dagsetningarnar til að gera þær að raðtölum. Hér á eftir kemur dæmi þar sem ekki er samræmi í notkun talna innan einnar málsgreinar:

Núna mynduðust 11 egg, sem var algjört met og allt leit vel út. Í eggheimtunni voru eggbúin hinsvegar tóm og einungis náðust 4 egg. Ég grét þegar ég fór þaðan út. Tvö frjóguðust og voru sett upp. En því miður heppnaðist þetta ekki heldur í þetta skiptið.

Svona lítur málsgreinin út eftir samræmingu:

Núna mynduðust 11 egg, sem var algjört met og allt leit vel út. Í eggheimtunni voru eggbúin hinsvegar tóm og einungis náðust fjögur egg. Ég grét þegar ég fór þaðan út. Tvö frjóvguðust og voru sett upp. En því miður heppnaðist þetta ekki heldur í þetta skiptið.

Gæsalappir voru líka í flestum tilfellum ekki íslenskar og þurfti ég að breyta því. Ég bætti líka við gæsalöppum þar sem verið er að segja frá hugsunum og samtölum. Hér er dæmi um þetta hvort tveggja:

Að morgni fimmta dagsins finn ég að mig vantaði einhverskonar „orku“, og ég hugsaði fóstrið má ekki vera dáíð.

Eftir að ég var búin að laga gæsalappirnar sem fyrir voru og setja gæsalappir þar sem mér þótti þurfa enda er þetta bein hugsun, þá leit textinn svona út:

Að morgni fimmta dagsins finn ég að mig vantaði einhverskonar „orku“ og ég hugsaði: „Fóstrið má ekki vera dáíð.“

Einnig þurfti ég að hafa samband við nokkra höfunda sagnanna til að fá betri skýringar á hlutum sem voru óskýrir í sögunum. Þetta var yfirleitt í sambandi við meðferðir, því það gat verið óskýrt hvort verið væri að ræða fulla glasameðferð (sem inniheldur eggheimtu, frjóvgun og uppsetningu fósturvísis) eða uppsetningu frystra fósturvísa (sem er mun minni aðgerð, einungis uppsetning fósturvísis), mikill munur er á þessum aðgerðum og því skiptir miklu að það sé augljóst um hvað verið er að tala. Hér kemur brot úr einni sögunni:

Á rúmlega einu ári fórum við í 4 glasafrjóvganir. Í minni fyrstu meðferð frjóvguðust 4 egg af 6 og voru 2 egg sett upp. Þetta var í okt. 2007 og varð ég þunguð en missti fóstur eftir 4 vikur. Við keyrðum strax í næstu meðferð og nýttum þá tvo fósturvísa sem voru í frysti og aftur varð ég þunguð en enginn hjartsláttur heyrðist í 6 vikna sónar og um viku síðar fór ég í útsköfun á Lsp. þetta var í jan. 2008. Áfram héldum við og þurfti ég fulla meðferð þar sem ég átti engin egg í frysti og sama morgun og ég átti að fara í uppsetningu var hringt í mig frá Art Medica með þær leiðu fréttir að eggin mín hefðu ekki frjóvgast. Þetta var í apríl 2008. Enn og aftur héldum við áfram og ætluðum við að ná einni meðferð fyrir sumarlokun hjá Art Medica en blæðingar stóðu á sér svo ég þurfti að hætta í miðri meðferð.

Sú fullyrðing að hún hafi farið í fjórar glasafrjóvganir, passar ekki við lýsinguna sem kemur á eftir. Út frá lýsingunni hefur hún farið í tvær glasafrjóvganir, einu sinni í uppsetningu á frystum og byrjað á tveimur glasafrjóvgunum, sem hún kláraði ekki. Ég hafði samband við höfund sögunnar og fékk staðfest að ég hafði skilið þetta rétt. Svona leit textinn út, þegar ég var búin að breyta honum:

Á rúmlega einu ári fórum við í tvær fullar glasafrjóvganir, einu sinni í uppsetningu á frystum fósturvísunum ásamt því að byrja á tveimur glasafrjóvgunum sem ekki voru kláraðar. Í minni fyrstu glasameðferð frjóvuguðust fjögur egg af sex og voru tveir fósturvísar settir upp. Þetta var í október 2007 og varð ég þunguð, en missti fóstur eftir fjórar vikur. Við keyrðum strax í næstu meðferð og nýttum þá tvo fósturvísa sem voru í frysti og aftur varð ég þunguð en enginn hjartsláttur heyrðist í sex vikna sónar og um viku síðar fór ég í útsköfun á Landspítalanum. Þetta var í janúar 2008. Áfram héldum við og þurfti ég fulla glasameðferð þar sem ég átti ekki fleiri fósturvísa í frysti. Sama morgun og ég átti að fara í uppsetningu var hringt í mig frá ART Medica með þær leiðu fréttir að egginn mín hefðu ekki frjóvgast. Þetta var í apríl 2008. Enn og aftur héldum við áfram og ætluðum við að ná einni meðferð fyrir sumarlokun hjá ART Medica en blæðingar stóðu á sér svo ég þurfti að hætta í miðri meðferð.

Eins og sést hef ég líka breytt skammstöfunum á Landspítalanum og mánaðarheitum, ásamt þeim samræmingarþáttum sem ég minntist á fyrr. Einnig var algengt, eins og sést í þessu dæmi að talað væri að egg væri sett upp. Ég hafði það viðmið að tala einungis um ófrjóvuguð egg sem egg, þegar væri búið að frjóvga eggid er það orðinn fósturvísir. Ég breytti þessu eins og við átti.

Í þó nokkrum sögum voru lækna og hjúkrunarfólk nafngreint. Mér fannst skjóta skökku við að nafngreina ákveðna aðila þó að allir sem voru nafngreindir fengju jákvæða umfjöllun. Þegar ég bar þetta undir aðra stjórnarmeðlimi var það einróma álit þeirra að hafa ekki lækna eða hjúkrunarfólk nafngreint í sögunum og voru bestu rökin með því að þá væri meiri hætta á að þær úreldust fyrr. Við álitum að lesendur framtíðarinnar gætu ekki tengt sig eins við sögurnar þegar talað er um lækna sem þeir kannski þekkja ekki til, þar sem við getum ekki gengið út frá því að sömu

læknarnir starfi að eilífu. Því breytti ég þeim sögum þar sem nöfnin komu fram. Hér koma dæmi þess hvernig það var gert. Í dæmunum hér á eftir eru nöfn heilbrigðisstarfsfólksins þó einnig tekin út.

X læknir greindi mig svo með pcos eða fjölblöðrueggjastokka heilkenni, þá missir maður úr egglos og tíðahringurinn verður mjög óreglulegur. X ráðlagði okkur að gefa þessu nokkra mánuði í viðbót en ekkert gerðist og í febrúar 2004 kom hann okkur að hjá Q og vildi að við snérum okkur að tæknisæðingu.

Í nokkrum tilfellum fannst mér best að komast hjá nafngreiningunni með því að breyta setningunum úr germynd yfir í þolmynd. Í tilviki Q og það var það sem ég kaus að gera í flestum tilfellum, setti ég bara starfsheitið í staðin fyrir nafnið. Og þá var útkoman svona:

Ég var greind með PCOS eða fjölblöðrueggjastokkaheilkenni, þá missir maður úr egglos og tíðahringurinn verður mjög óreglulegur. Okkur var ráðlagt að gefa þessu nokkra mánuði í viðbót en ekkert gerðist og í febrúar 2004 var okkur komið að hjá sérfræðingi í ófrjósemi og þar sem næstu skref áttu að vera tæknisæðing.

Hér kemur svo annað dæmi:

Y hjúkrunarfræðingur hringdi og það sem ég var stressuð þegar ég sá númerið birtast á skjánum, við höfðum nefnilega ákveðið að taka ekki óléttupróf áður en við fengjum svar úr blóðprufunum því ég gat ekki hugsað mér að fá en eitt neikvæða óléttuprófið.

Litla sem ég grét í símann og reyndi að afsaka viðbrögð mín, sagði henni að ég hefði undirbúið mig svo vel en vissi bara ekkert hvernig ég ætti að mér að vera!

Y óskaði okkur bara til hamingju og sagði okkur að mæta í skoðun 2 vikum síðar

Og eftir breytingar:

Hjúkrunarfræðingurinn hringdi og það sem ég var stressuð þegar ég sá númerið birtast á skjánum, við höfðum nefnilega ákveðið að taka ekki óléttupróf áður en við fengjum svar úr blóðprufunum því ég gat ekki hugsað mér að fá en eitt neikvætt óléttupróf. Litla sem ég grét í símann og reyndi að afsaka viðbrögð mín, sagði henni að ég hefði undirbúið mig svo vel en vissi bara ekkert hvernig ég ætti að mér að vera! Hún óskaði okkur bara til hamingju og sagði okkur að mæta í skoðun tveim vikum síðar.

Svolítill vandræði komu upp með eina söguna. Það var lengsta sagan, sjö blaðsíður með einu og hálfu línubili. Hún er mjög vel skrifuð og lýsir vel mörgum þeim tilfinningum sem fólk sem á við ófrjósemi þarf að glíma við. Þarna er aðallega tekið á afbrýðisemi sem fólk getur fundið þegar aðrir í kring um það verða óléttir og eignast börn. Þetta er tilfinning þar sem skynsemin fær ekki að ráða en ansi margir upplifa þrátt fyrir betri vitund. Við fyrstu sýn virtist nauðsynlegt að stytta söguna þar sem flestar hinna sagnanna voru um tvær til þrjár blaðsíður, fyrir utan eina sem var fimm. Hins vegar gekk illa að stytta söguna, þar sem lýsingarnar á tilfinningunum eru góðar og því erfitt að sjá hvar hægt væri að skera af. Persóna sem berst við ófrjósemi upplifir margar tilfinningar og andlegt álag í meðferðum er mikið. Margar þessara tilfinninga getur utanaðkomandi aðili átt erfitt með að skilja. Góð lýsing á slíkum tilfinningum uppfyllir því fræðslumarkmiðið fullkomlega. Ég leitaði skoðana annarra stjórnarmeðlima á þessu og þær voru sammála mér í því að það þyrfti að skoða hverja sögu út frá sjálfri sér en ekki heildinni. Þó munu sennilega einhverjir aðrir stjórnarmeðlimir lesa söguna yfir til að sjá hvort þeir sjá einhvers staðar smugu að stytta. Ef ekki verður hún birt óstytt.

Það komu upp tilfelli þar sem ég þurfti að svara spurningunni um hversu langt á að ganga í ritstýringunni. Þetta var þegar ég rakst á atriði í sögunum þar sem ég var ekki sammála höfundinum og jafnvel efaðist um sannleiksgildi staðhæfingarinnar. Hvenær þarf að beita ritskoðun? Í þessum tilfellum þurfti að taka ákvarðanir um það hve langt skyldi gengið. Til dæmis er það þetta brot:

Nú brotnum við algjörlega niður andlega og fjarlægjumst hvort annað en drífum okkur þó fljótlega til sálfræðings sem hjálpar okkur. Það er aukin skilnaðartíðni hjá þeim sem ganga í gengum svona erfiðleika og við skiljum það fullkomlega, ræddum um að flytja sundur í smá tíma til að jafna okkur og fá hvíld frá öllu þessu. Sálfræðingurinn hjálpar okkur þó yfir þessa erfiðu hjalla sem við áttum framundan og allt verður eins og áður hjá okkur.

Það er vissulega rétt að ófrjósemi reyni á sambandið og það er rétt að erlendis virðist vera aukin skilnaðartíðni hjá þörum sem eiga við ófrjósemi að stríða. Ég hef hins vegar heyrt að þetta eigi ekki við hér heima. Hér virðast þessi vandamál frekar þjappa þörum saman og jafnvel styrkja sambandið. Hvað á að gera við fullyrðingar sem maður er ekki alveg viss um að séu réttar? Sérstaklega þegar persónan er í sömu andrá að lýsa tilfinningum sínum. Svo nú þarf að veita og meta hvort þessar upplýsingar séu rangar upplýsingar og þar af leiðandi skaði fræðslumarkmiðið. Hér reynir á yfirsýn ritstjórans og hann þarf að finna hið rétta jafnvægi milli höfundarins, lesandans og innihald sögunnar eins og rætt var í byrjun kaflans. Rebecca Jones ræðir einnig þetta vandamál ritstjórans um hve langt eigi að ganga: „Öllum útgefnum munnlegum sögum hefur verið ritstýrt að einhverju leyti, eitthvað tekið út og eitthvað dregið saman. Klemman sem höfundur útgefins texta stendur frammi fyrir er að hve miklu leyti það er viðeigandi að ritstýra orðum sögumanns?“¹⁵ Niðurstaða mín var sú að leyfa kaflanum að halda sér. Þegar ég fór að hugsa nákvæmlega hver fræðslutilgangurinn væri, þá er aðalatriðið að lesandinn skynji þær tilfinningar sem höfundurinn gekk í gegn um. Þar sem fullyrðingin sem veldur þessum heilabrotum er vissulega sönn í tilfelli höfundarins og hjá mörgum þörum þótt erlend séu og sjálfsagt einhverjum líka hér þó í minnihluta sé.

Það sem einnig studdi fyrrgreinda ákvörðun var það að ég hafði það að leiðarljósi að sérkenni hverrar sögu haldi sér, þar sem þær koma frá ólíkum einstaklingum, þar sem tilfinningar og sýn hverrar persónu er einstök. Þó ekki sé hjá ákveðinni ritstjórn komist eins og Jones segir í tilvitnuninni hér að ofan, þá þarf að

¹⁵ Rebecca Jones. 2004. „All published oral histories have undergone some form of editing, extraction, and condensing. The dilemma for the writer of a published text is what degree is it appropriate to edit the words of a narrator?“ *Mín þýðing*.

ákveða hve langt sú ritstjórn skuli ganga út frá tilgangi verksins. Þar sem tilgangurinn með þessum reynslusögum er eins og marg oft hefur komið fram, fræðsla og að sýna fram á fjölbreytileika ófrjósemisvandamála og um leið að gefa lesandanum innsýn í líf og tilfinningar þeirra sem glíma við þennan vanda. Þessum tilgangi er best þjónað með því að leyfa sérstæði hverrar sögu njóta sín. Í öðru tilfalli var ákvörðunin önnur:

Þetta er kannski ekki ófrjósemi en þcos erfiðar konum að eignast börn og hindrar sumar alveg. Ástæðan fyrir því að ég sendi þetta inn er að einblína á að í stað þess od horfa á dagatalið og telja dagana ætti að spá í því að líða vel og gera eitthvað fyrir sjálfan sig, hreyfa sig og borða hollt og gera allt til þess að reyna beina huganum annað.

Hér er það sérstaklega setningin „...gera allt til þess að reyna að beina huganum annað.“ sem ég setti spurningarmerki við. Meðal þeirra sem eiga við ófrjósemi að stríða er nokkuð til sem við köllum „góðu ráðin“. Það eru ráð sem eru gefin, af góðum hug í flestum tilfellum, fólki sem glímur við ófrjósemi. Þetta eru sögur af því hvernig hinn eða þessi fékk lausn sinna mála og gengið út frá því að ef viðmælandi geri eins þá muni hann fá sömu niðurstöðu, eða ráð sem hægt er að flokka sem kerlingabækur. Það sem allra vinsælast er að segja fólki er að hætta að hugsa um ófrjósemina. Með því að hafa hugann uppfullann af hugsunum um ófrjósemina þá sé fólk að stressa sig og minnka þannig líkurnar á árangri. Vandamálið við þessi góðu ráð er það að þau gera yfirleitt illt verra. Ófrjósemi á sér svo fjölbreyttar orsakir, fyrir utan það að náttúran sjálf setur stóran óvissuþátt inn í allt dæmið, að það sem gekk hjá einum þarf alls ekki að ganga hjá öðrum. Þó svo að það geti verið skynsamlegt að hætta að hugsa um vandamálið og reyna að slappa af, þá er það nú svo að það er bæði hægara sagt en gert og að hjá mörgum væri það uppáskrift á barnleysi, þar sem margir þurfa að hafa ansi mikið fyrir því að eignast barn. Og það gerist ekki nema að hafa hugann við vandamálið. Það er jafnvel talið að ákveðin heltekni sé æskileg svo fólk finni kraftinn til að halda áfram í baráttunni sem tekur svona mikið á sálarlífið.¹⁶ Setningin sem ég tók út minnir óþægilega mikið á „góðu ráðin“ og því er hún farin að stríða gegn markmiðum sagnanna um fræðslu. Svona leit málsgreinin út eftir að ég breytti henni:

¹⁶ Peoples, Debby, M.S.W. og Harriette Rovner Ferguson, C.S.W. 1998. Bls. 7-8.

Þetta er kannski ekki ófrjósemi en PCOS erfiðar konum að eignast börn og hindrar sumar alveg. Ástæðan fyrir því að ég sendi þetta inn er að benda á að í stað þess að horfa á dagatalið og telja dagana, er hægt að hugsa um það að láta sér líða vel og gera eitthvað fyrir sjálfan sig, hreyfa sig og borða hollt.

Bara það að klippa síðustu setninguna út, gjörbreytir málsgreininni. Hún verður uppbyggjandi, því það er alltaf gott, sérstaklega þegar jafn erfið barátta og glíman við ófrjósemi er, að sinna sjálfum sér og gera eitthvað fyrir sig. Núna er ekkert sem minnir á „góðu ráðin“. Í þessu tilfalli er ég sennilega farin að daðra við ritskoðun, en ákvörðunin er réttlæt með því að hér vegi þyngra á metunum hinn væntanlegi lesandi og markmið reynslusagnanna, heldur en höfundur sögunnar.

Aðeins þrjár innsendu sagnanna voru með titil sem hægt væri að nota, hinar sögurnar voru yfirleitt með titilinn „reynslusaga“ eða „sagan okkar“ eða engan titil. Ég reyndi því að finna titla sem áttu vel við sögurnar og því sem þær voru að segja frá. Svo á bara eftir að koma í ljós hvernig höfundunum og öðrum líst á. Þeir titlar sem höfundarnir settu sjálfir á sögur sínar voru þessir:

Þú

Að lifa við ófrjósemi

Leiðin að óléttunni

Og þeir sem ég kom með:

Átta eggheimtur og eitt barn

Efinn nær aldrei yfirhöndinni

Fannst ég vera 100 ára gömul suma daga

Síðasti séns og tvöföld ánægja

Að setja sjálfan sig í forgang

Aðgát skal höfð í nærveru sálar

Gegn öllum líkum

Barn í boði VR og tæknifrjóvgunardeildar Landspítalans

Við grétum af gleði

Svo er að sjá hvort þessir titlar verði samþykktir að höfundunum eða hvort þeir komi með aðrar tillögur.

IV. Lokaorð

Þó svo að það hafi verið haft að leiðarljósi að eiga sem minnst við sögurnar, þá er engu að síður fjölmargt sem þarf að huga að við ritstýringu þeirra. Og ótrúlega margt sem manni yfirsést við fyrsta lestur. Ég var enn að eiga við textann og breyta honum í fjórða og fimmta lestri, jafnvel innsláttarvillur höfðu farið fram hjá mér.

Þetta er heillandi verkefni. Í fyrsta lagi vegna þess að þarna er verið að teysta manni, ekki bara fyrir upplýsingum, heldur að eiga við texta sem flestir hafa lagt hjarta sitt í. Í öðru lagi vegna vonarinnar um að þessar sögur muni bæta aðgengi að efni um ófrjósemi á íslensku og þetta er efni sem er séríslenskt. Í þriðja lagi vegna þess að það er krefjandi og vekur upp spurningar sem maður verður að svara, opnar því fyrir manni fróðleik, sem maður hefði ekki annars komist yfir. En síðast en ekki síst er frábært að vinna með íslenskan texta og sjá hvað við getum gert með tungumálið okkar.

Við vinnuna vöknudu spurningar og hugleiðingar sem mann hefði ekki órað fyrir áður en lagt var af stað. Það er svo ótalmargt sem þarf að huga að og passa upp á. Um leið og metnaðurinn er sá að birta í lokaútgáfunni vel læsilegan og skýran texta, sem felur í sér fróðleik, er reynt að láta upprunalegan texta höfundarins halda sér sem mest og forðast rangar fullyrðingar. Þannig næst vonandi að uppfylla tilganginn með söfnun og birtingu sagnanna, það að fræða fólk um það hvaða áhrif ófrjósemisbaráttan hefur bæði á einstaklinginn og parið og hve ófrjósemisvandamál geta verið fjölbreytt og leiðirnar til þess að eignast barn margvíslegar.

Það eru ögrandi verkefni framundan, meðal annars að finna fleiri sögur fyrir þá þætti sem upp á vantar, sjá hvað höfundarnir hafa að segja um þá breytingu sem hefur verið gerð á sögu hvers og eins. Þetta verkefni er svolítið eins og ófrjósemisbaráttan sjálf, leiðin að útgáfunni er löng en það sem heldur manni við efnið er draumurinn um útgefna bók.

V. Starfsnám hjá Forlaginu.

Ég byrjaði starfsnám mitt hjá bókaútgáfunni Forlaginu með vissri eftirvæntingu og spenningi. Þarna fengi ég tækifæri til að fá smá innsýn í heim íslenskrar bókaútgáfu, hvað fælist í því að gefa út bækur og í hverju vinna ritstjóra í bókaútgáfu fælist. Ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Þessa þrjá mánuði sem ég starfaði þar kynntist ég æði fjölbreyttu starfi ritstjórans.

Í fyrstu byrjaði ég á að lesa nokkur innsend handrit. Þetta voru dagbók konu sem er í baráttu við aukakílóin, ævisaga og frásögn frá mannfræðiathugun. Sá hluti dagbókarinnar sem ég las kom á óvart. Ég gerði ekki ráð fyrir að dagbók konu í megrun væri spennandi lesefni, sennilega bara upptalning á kaloríufjölda og hreyfingu. En hún var skemmtilega skrifuð og þó svo að mataræði og kílóaniðurtalning fylgdi með frásögninni, þá gerði hún hómor höfundarins fyrir sjálfum sér, ásamt ýmsum vangaveltum hana skemmtilega aflestrar. Sagan er þó í biðstöðu þar sem hún gengur sennilega ekki vegna tíðarandans. Ævisagan var stutt á veg komin og þurfti mikla vinnu. Mannfræðiathugunin var mjög áhugaverð, en sennilega of lítil markhópur fyrir hana til að gera hana nógu áhugaverða til útgáfu. Ég skrifaði umsögn um öll þessi handrit. Og fékk þau viðbrögð að ég væri of jákvæð.

Mér var falið að sækja um þýðingarstyrki fyrir þýðingu á fransku skáldsögu. Ég byrjaði á því að hringja í franska sendiráðið til að fá upplýsingar um hvaða styrkir væru í boði og hvernig skuli farið að. Tveir styrkir standa til boða. Annarsvegar fyrir þýðinguna og hins vegar fyrir útgáfuna. Sá sem ég hafði samband við í franska sendiráðinu sér um útgáfustyrkinn. Ég þurfti bara að finna pappíra og upplýsingar fyrir hann. Franska útgáfan sér um að sækja um þýðingarstyrkinn. Ég hafði samband við tengil út í Frakklandi sem vísaði mér á aðra konu sem lét mig fá allar upplýsingar um hvaða gögn þyrftu og eyðublað til útfyllingar. Svo þurfti að hafa samband við þýðandann til að fá upplýsingar frá honum og biðja hann um að þýða stutta lýsingu á Forlaginu, sem ég hafði skrifað. Þegar ég var búin að safna saman þeim gögnum sem til þurfti og fylla út alla nauðsynlega pappíra, þá sendi ég það allt út.

Las handrit af óútgefinni sjálfshjálparbók á ensku um það að lifa óttalausum lífi. Þó hún ætti kannski vel við í dag, þá vakti hún ekki mikinn áhuga. Því var hún ekki tekin inn. Las einnig innsent handrit af framtíðarvísindaskáldsögu. Hugmyndin fín, en

illa skrifuð. Ég var reyndar of dugleg við að horfa fram hjá alvarlegum ágöllum, vegna sögunnar.

Las yfir þrjú önnur íslensk handrit. Eitt var bara alveg þrýðisgott og skemmtilegt handrit um unga konu sem býr í Þýskalandi en kemur heim til Íslands yfir jólin, við fáum að fylgjast með henni þennan tíma sem hún er á Fróni, um leið og hún gerir uppgjör við ákveðna atburði í fortíðinni. Næsta handrit var ástarsaga sem gerðist á Spáni. Þar kom skemmtileg flétta og hún fyllti hjartað með spænskri sól. Þó voru viss atriði í fléttunni sem mér fannst ekki alveg ganga upp. Þessari sögu var hafnað. Þriðju söguna las ég bara að hluta. Þetta var dramatísk saga um konu sem lendir í nauðgun. Mikil dramatík og sagan ekkert sérlega vel skrifuð. Þessari sögu var líka hafnað.

Það er verið að vinna að nýju bindi um Öldina okkar. Nokkrir sérkaflar eru skrifaðir af ýmsum sérfræðingum. Ég var fengin í að finna tölvupóstföng þessara höfunda. Það gekk ágætlega og tók ekki langan tíma.

Skoðaði yfirfarna þýðingu á spennusögu. Sá þar hvað ritstýring getur verið mikið smekkmál. Sá ekki ástæðu fyrir sumum breytingartillögum á meðan mér fannst skrítið að ekki væru gerðar neinar athugasemdir við annað sem mér fannst athugasvert. Eftir að það var búið að brjóta um fékk ég að lesa þýðinguna yfir og gera athugasemdir, áður en annar ritstjóri læsi hana. Gerði nú ekki margar athugasemdir, en einhverjar þó. Sú sem las var ekki sami ritstjórinn og hafði lesið yfir áður en farið var með söguna í umbrot. Hún gerði mun fleiri athugasemdir en bæði ég og hinn ritstjórinn, en samþykkti allar mínar. Ég lærði mikið af þessu verkefni. En fannst þó einkennilegt hve miklu fleiri athugasemdir komu á textann eftir umbrot en við yfirlesturinn fyrir umbrot. Hefði haldið að þetta ætti að vera öfugt. Skýringin er að sjálfsgöðu að þetta voru mismunandi ritstjórar með mismunandi áherslur. Mér fannst sérstaklega hjálplegt að lesa yfir athugasemdirnar sem voru gerðar á síðuörkinni, eftir að ég var búin að lesa yfir. Þar lærði ég mikið af reyndum ritstjóra. Síðan komu heilabrotin um það hvaða titill ætti að vera á sögunni því bein íslensk þýðing á enska titlinum gekk ekki upp. Ég velti upp nokkrum, en enginn sem mér fannst virka. Einn ritstjórinn hjá Forlaginu hafði brotið um og hann kom loksins með titil sem var mjög flottur og átti vel við. Titlar geta verið alveg ótrúlega erfiðir við að eiga en skipta náttúrulega heilmiklu máli.

Oft er leitað álits hjá starfsfólki Forlagsins á titlum sem koma til greina sem og bókarkápum. Það er misjafnt hversu hjálplegt þetta er, oft eru flestir sammála, en oft

en ekki eru skoðanir skiptar. Þegar kemur að kápumyndum eru oft gerðar fleiri en ein kápumynd svo hægt sé að velja á milli, sé þetta þýðing er einnig hægt að nota kápuna af erlendu útgáfunni.

Fór yfir nokkur handrit. Eitt var um ungbarnanudd. Mjög áhugavert, var þó eins og bæklingur, vantaði svolítið kjöt á beinin svo hægt væri að kalla þetta handrit að bók. Í handritinu voru myndir en á flestar þeirra vantaði leiðbeinandi örvar til að sýna í hvaða átt ætti að nudda. Það ætti þó að vera auðvelt að gera þetta að einhverju áhugaverðu, enda mjög góð beinagrind komin og alveg örugglega söluvænt. Annað handrit var um einhverskonar leiðbeiningarrit frá andlegum leiðbeinanda höfundar að handan. Leist ekki á það, ekki nógu vel skrifað og virkaði ekki söluvænt. Svo las ég íslenska skáldsögu, ekki ólíka þeirra sem ég hafði áður lesið um ungu konuna sem kom heim til Íslands í jólafríinu. Báðar þessar sögur voru í anda Dís. Hún var mjög skemmtileg en einfaldari í uppbyggingu en sú sem ég hafði lesið áður. Las einnig handrit af bók um rúnir og hvernig eigi að leggja þær og túlka spár. Góð hugmynd og búið að koma þessu í flottan búning, en spurning um hve dýrt þetta væri í útgáfu. Lagði þetta fram á ritstjórnarfundi, en því var hafnað þar, þar sem einhver annar hafði komið til þeirra áður með svipaða hugmynd og þeir vildu frekar tala við þann höfund.

Það fóru tæpar tvær vikur að hlusta á Nýja testamentið á hljóðbók, en þetta voru alls rúmlega 24 klukkutímar. Ég hlustaði á það vegna þess að útgáfunni hafði seinkað og því þurfti að lesa inn nýja byrjun og það var ákveðið að hlusta á það allt, athuga hvort klippingar væru ekki örugglega í lagi og þar fram eftir götunum. Því var ég með Nýja testamentið fyrir framan mig til að fylgjast með því hvort allt væri ekki örugglega rétt. Þar sem þetta verkefni þarf mikla einbeiti, þá var ekki hægt að sitja og hlusta stanslaust (það var mjög góð leið til að sofna í vinnunni!), því þurfti ég alltaf að standa upp og hreyfa mig annaðslagið til að ná að halda athyglinni. Það var líka mjög miserfitt að hlusta eftir því hver lesarinn var í hvert skipti. Sumir lásu þannig að það var eins og markmið þeirra væri einmitt að svæfa hlustandann. Ég fann þó nokkra staði sem höfðu verið illa klipptir, þannig að það vantaði inn úr orðum eða heilu orðin og á einum stað var orðið „ekki“ klippt út, svo setningin fékk við það öfuga merkingu. Þegar hljóðbókin var svo tilbúin þá var ég beðin um að athuga hvort það stæði ekki allt rétt á hulstrinu. Þá sá ég að upplýsingarnar um hvað hver lesari hefði lesið voru ekki réttar, eitthvað sem enginn sem hafði hlustað hafði áttað sig á, enda þurfti maður að vera með upplýsingarnar á blaði fyrir framan sig á meðan maður færi yfir hvað

hver og einn læsi, til þess að átti sig á þessu. Það var þó orðið of seint að breyta þessu fyrir þessa útgáfu.

Ég fór yfir síðuörk af ferðaprautabók fyrir börn, þar þurfti ég til dæmis að gera krossgátur til að athuga hvort þær væru örugglega ekki réttar. Ég fann nokkrar villur.

Las þrjú innsend handrit. Eitt hafði mjög skríttinn stíl, öllum greinarmerkjum og hástöfum (nema í sérnöfnum) var sleppt. Í staðinn voru bilin milli orða og setninga mislöng. Það var alveg einstaklega erfitt að lesa þetta. Annað var alveg ágætis þýðing og það þriðja voru endurminningar frá stríðsárunum, sem gætu alveg verið áhugaverðar svo ég bað einn ritstjórnann sem sérhæfir sig svolítið í ævisögum að kíkja á þær.

Ég skrifaði upp íslenskan texta á myndir og þar sem kemur fyrir handskrifaður texti í textanum fyrir Skúla skelfi. Las líka breska barnasögu, sem er ein af þeim sem hefur verið kölluð næsta Harry Potter. Þarna er verið að velta fyrir sér hvort ekki eigi að fá útgáfuréttinn og þýða hana. Þó ég myndi nú ekki segja að þarna sé kominn nýr Harry Potter þá var þetta þokkalega skemmtileg saga og gæti alveg notið vinsælda.

Hringdi í konu sem hafði brotið um þýðingu á *Dóttir hennar, dóttir mín* og las upp fyrir hana lokaleiðréttingar á síðuörkinni.

Það voru haldnir þrjár ritstjórafundir þessa þrjá mánuði sem ég var þarna. Þeim fyrsta missti ég af vegna veikra barna. Á fyrsta fundinum sem ég var viðstödd var farið yfir útgáfulistann, rætt um nokkur verk, hvar þau væru stödd og þar fram eftir götunum. Einnig var farið yfir hugmyndir um þau verk sem ættu að fara í klassíska kiljuklúbbinn og ákveðið hvaða verk yrðu notuð út árið og í hvaða röð. Rædd hugmynd um útgáfu þrjónabókar, þar sem þrjónaskapur á auknum vinsældum að fagna í þjóðfélaginu í dag. Einn ritstjórinn tók að sér að hafa samband við íslenskan hönnuð sem hefur hannað uppskriftir fyrir lopa. Aðstoðarútgáfustjórinn lagði fram handritin, sem ég hafði lesið, sem minntu á Dís og eru því svona „chick flick“ bækur. Samþykkt að tala við þær og skoða þetta nánar og var meiri áhugi á þeirri sem ég hafði fyrst lesið. Ég lagði fram handritið af rúnabókinni eins og áður er greint frá.

Þar sem vampírubókmenntir virðast ætla að verða vinsælar spurði ég hvort ekki væri áhugi á að þýða hina einu sönnu Drakúlábók Bram Stokers. En það hafa bara komið tvenns konar barnaútgáfur af sögunni á íslensku og ég var með þær útgáfur með mér. Það var vel tekið undir þetta, sagan var víst komin á hugmyndalista um útgáfu en hugmyndin ekki komin lengra, ákveðið að koma henni í þýðingu fljótlega og gera flotta útgáfu.

Á seinni fundinum var farið yfir útgáfulistann. Við fréttum að þrjónabókin væri komin á fullt skrið, sem mun verða lopauppskriftabók með fjölbreyttum klassískum uppskriftum. Svo voru nokkrar útgáfuhugmyndir ræddar, meðal annars bók um ræktun matjurta enda augljóst að áhugi fólks á matjurtaræktun í vor er einstaklega mikill. Allir eru að finna leiðir til að lækka matarreikning heimilanna.

Síðustu dagana var ég að skrifa upp heimildaskrá fyrir þýðingu á *The World Without Us*, þar sem þurfti að þýða einstaka orð. Þetta var seinlegt verkefni, þar sem heimildaskráin var löng og þreytandi vegna þess að þetta var að mestu leyti bara innsláttur.

Eins og sést fékk ég að takast á við mörg ólík verkefni hjá Forlaginu og ég fékk því að sjá hversu margþætt vinna ritstjóra getur verið. Verkefnin eru allt frá því að lesa nýja og skemmtilega texta til samanburðar á síðuörkum. Ég fékk að kynnast öllu því ferli sem handrit þarf að fara í gegn um til að verða að útgefinni bók og þeim fjölmörgu ákvörðunum sem þarf að taka í ferlinu. Ég var algjörlega ein af stafsólkinu og fékk með þessu líka að kynnast skemmtilegu fólki, sem er að sinna virkilega áhugaverðri vinnu.

Heimildaskrá

Jones, Rebecca. 2004 „Blended Voices: Crafting a Narrative from Oral History Interviews.“ *The Oral History Review*. 31. árg. 1. tbl. Berkley. Bls. 23 – 42.

Peoples, Debby, M.S.W. og Harriette Rovner Ferguson, C.S.W. 1998. *Experiencing Infertility: An Essential Resource*. New York / London, W. W. Norton & Company.

Sigurður Gylfi Magnússon. 2004. *Fortíðardraumar; sjálfsbókmenntir á Íslandi*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar, 9. bindi. Reykjavík, Háskólaútgáfan

Sigurður Gylfi Magnússon. 2005. *Sjálfsögur: minni, minningar og saga*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar, 11. bindi. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Sigurður Kristinsson. 2003. „Siðfræði rannsókna og siðanefndir.“ *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.

„Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar: á vit persónulegra heimilda.“ 2001. *Sagnir*, 22. tbl. Bls. 72-77.

Unnur María Bergsveinsdóttir. 2008. „Sársauki og sættir: Munnleg saga og samfélagsleg gagnsemi hennar: Unnur María Bergsveinsdóttir ræðir við finnsku fræðikonuna Ulla-Maija Peltonen.“ (Viðtal) *Saga*; tímarit Sögufélags; 46. árg. 2.tbl. Bls. 7-16.

Williams, Alan D. 1993. „What Is an Editor?“ *Editors on Editing: What Writers Need to Know About What Editors Do*. 3. útg. Ritstj. Gerald Gross. New York, Grove Press. Bls. 3-9